

Loftsteinninn í íslenskt menningararlíf

Á sýningunni Geómetríu í Gerðarsafni er íslenskt abstraktlist 6. áratugarins skoðuð í nýju samhengi. Sérstaklega er einblínt á hlut kvenna sem voru í innsta kjarna hreyfingarinnar.

tsh@frettabladid.is

Sýningin Geómetría var opnuð nýlega í Gerðarsafni en um er að ræða yfirlitssýningu á verkum 22 listamanna sem voru í forsvari list-hreyfingarinnar geómetríu sem kom eins og „loftsteinn inn í íslenskt menningararlíf í upphafi sjötta áratugarins og olli straumhvörfum í listalífi þjóðarinnar“, eins og segir í sýningartexta. Sýningarstjórar eru Brynja Sveinsdóttir, safnstjóri Gerðarsafns, og Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneignar.

Brynja: „Þetta er tímabil sem stendur safninu ansi nærri því Gerður Helgadóttir er ein af þeim listakönnum sem eru þarna í innsta kjarna. Okkur þótti spennandi að taka þetta fyrir, því þetta er tímabil sem er mjög nútímalegt og á í miklu samtali við samtímamann.“

Brynja segir tímabilið sem um ræðir vera sérstaklega spennandi vegna tveggja meginþátta.

Brynja: „Annars vegar, þá er þetta eiginlega í fyrsta skipti í íslenskri listasögu þar sem íslenskir listamenn detta allt í einu í takt við alþjóðlegar hreyfingar. Þeir verða bara algjörlega samstíga því sem er að gerast í framúrstefnu í París



Sýningarstjórar Geómetríu eru Brynja Sveinsdóttir, safnstjóri Gerðarsafns, og Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneignar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

raunsæinu. Þetta sprettur upp sem leit að nýjum tjáningarmáta, eins og expressjónisminn. Þetta er leit að því hvernig þú tjáir einhvern innri heim og hugsun frekar en að vísa í raunheiminn.“

Þriggja ára rannsóknarverkefni Sýningin Geómetría er haldin samhliða útgáfu bókarinnar Abstrakt geómetría á Íslandi 1950–1960 sem Veröld gefur út. Að bókinni stendur Knútur Bruun en ritstjóri hennar er Ólafur Kvaran auk þess sem hún inniheldur texta eftir Ásdísí Ólafsdóttur og Sjón.

Brynja: „Þetta eru tvær sjálfstæðar einingar sem styðja hvor aðra. Við vorum meðvitaðar um að sýningin myndi þróast sjálfstætt í sína átt en auðvitað eru líka margir snertifletir þarna á milli.“

Gerðarsafn hefur þá sérstöðu að vera safn tileinkað Gerði Helgadóttur og að sögn sýningarstjóra er sýningin hluti af þeirri vegferð safnsins að setja listamanninn Gerði í nýtt samhengi í samtali við bæði eldri og yngri listamenn.

Cecilie: „Við erum að sinna rannsókn á verkum Gerðar Helgadóttur og þetta hefur verið okkar fyrsta þrep í þeirri rannsókn, að skoða Gerði í hennar samtíma umkringda hennar samtímamönnum. Þetta er áframhaldandi verkefni sem fékk þriggja ára öndvegissstyrk úr Safna-sjóði.“

[sjá nánar á frettabladid.is](http://sjá.náanar.á.frettabladid.is)

og Evrópu. Hins vegar, að innan íslensku hreyfingarinnar verður sú sérstæða að konurnar eru ansi áberandi, sem var ekki endilega alþjóðlega. Það er eitthvað sem við ákváðum að vinna svolítið með, að lyfta upp konunum á þessari sýningu.“

Cecilie: „Í staðinn fyrir að segja þessa línulegu frásögn sem oft hefur verið sögð á svona sögulegum sýningum vildum við reyna að gefa glefsur og skapa sjónrænar tengingar á milli listamannanna.“

Konur í kjarna hreyfingarinnar

Á sýningunni má sjá verk átta listakvenna sem sumar voru mjög áber-

andi í íslenskri og evrópskri framúrstefnu 20. aldar. Þær Ásgerður Búadóttir, Eyborg Guðmundsdóttir, Gerður Helgadóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Málfríður Konráðsdóttir, Nína Tryggvadóttir og Vala Enard Hafstað.

Þótti sérstakt þá að konur væru áberandi í framúrstefnulist?

Cecilie: „Nefnilega alls ekki. Þær ná einhvern veginn að verða kjarninn í þessum breytingum sem geómetrían endurspeglar. Nína Tryggvadóttir, Gerður Helgadóttir og Vala Enard eru búsettar í París á þessum tíma og Gerður var svolítið aðdráttarafl íslenskra lista-

manna þar. Hún bauð íslenskum listamönnum að koma út og sýna með sér og hélt sömuleiðis sýningar heima á Íslandi. Af því Gerður var með svo sterkt tengslanet við erlenda listamenn þá hefur hún svolítið náð að draga athygli að íslenskum listamönnum úti, sem er skemmtilegt.“

Geómetría sem hreyfing var mest áberandi á árunum 1950–60 og var andsvar við ríkjandi listrænni fagurfræði þess tíma.

Brynja: „Þetta er möðurnísk hreyfing sem sprettur upp sem andsvar við fyrri skipan myndlistar og kannski sem einhvers konar antitesa við fagurfræði 19. aldar og

Natasha S. fær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2022

tsh@frettabladid.is

Ljóðskáldið Natasha S. hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handrit bókarinnar Máltaka á stríðstímum sem kom út samhliða afhendingunni á vegum Unu útgáfuhúss. Er þetta í fyrsta sinn sem rithöfundur af erlendum uppruna hlýtur þessi virtu bókmenntaverðlaun.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti Natöshu verðlaunin við hátíðlega athöfn í Höfða í gær og sagði að Natasha væri vel að verðlaununum komin.

„Það er ánægjulegt að ljóðskáld af erlendum uppruna sé að hljóta verðlaunin í fyrsta sinn. Í ljóðum sínum segir Natasha S. á áhrifamikinn hátt frásögn manneskju sem fylgdist úr fjarlægð með stríðsrekstri í heimalandi sínu Rússlandi gegn nágrannaríkinu Úkraínu. Átakanleg frásögn sem um leið dregur fram sláandi andstædur,“ sagði Dagur.

Alls bárust 62 óbirt ljóðahandrit í samkeppnina í ár, handrit eru send inn undir dulnefni og aðeins umslagði með nafni verðlaunahafans opnað. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO hefur umsjón með verðlaununum og í dómnefnd sátu Guðrún Sóley Gestsdóttir formaður, Haukur Ingvarsson og Eyþór Árnason.

Í umsögn dómnefndar er Máltaka á stríðstímum sagt vera „áhrifamikið verk, brýnt og einstakt í sinni röð.“

„Það er frásögn manneskju sem fylgdist með stríði í heimalandi sínu úr fjarlægð. Hennar eigin þjóð – Rússar – hervæðist og ræðst inn í Úkraínu. Andstaða höfundar við stríðsreksturinn vekur marg-



Natasha S. ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Hauki Ingvarssyni, Eyþóri Árnasyni og Guðrúnu Sóleyju úr dómnefnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Andstaða höfundar við stríðsreksturinn vekur margslungnar tilfinningar og spurningar sem glímt er við í bókinni.

Úr umsögn dómnefndar Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar 2022.

slungnar tilfinningar og spurningar sem glímt er við í bókinni. Þrátt fyrir átakanleg efnistöð einkennist framsetning af lipurð og djúphygli,“ segir í umsögn.

Natasha S. flutti til Íslands frá Rússlandi árið 2012. Hún er menntuð í blaðamennsku og íslensku og hefur skrifað greinar um Ísland auk þess að þýða íslenskan skáldskap yfir á rússnesku. Árið 2016 útskrifaðist hún frá Háskóla Íslands með BA-gráðu í íslensku sem annað mál, með sænsku sem aukagrein. Hún ritstýrði safnrítinu Pólifónía af erlendum uppruna sem kom út í fyrra og var auk þess einn höfundur þess. Þá er hún annar tveggja ritstjóra greinarsafns sem Bókmenntaborgin í Reykjavík gefur út á næsta ári. Máltaka á stríðstímum er fyrsta ljóðabók Natöshu S. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!



HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is

Verzlun og vefverzlun
Laugavegi 69 S. 551-7955